

II.

	kr.
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	6.800
Þjónustubýli	3.300
Sumarbústaðir	1.650

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2002.

Sauðárkróki, 4. febrúar 2002.

Jón Gauti Jónsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag fyrir 13 frístundalóðir við Hvammbraut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 5. febrúar 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hefur verið sett eftirfarandi regla um umferð á Akranesi:

Að biðskylda verði á umferð af athafnasvæði við smábátabryggju Akraneshafnar inn á Faxabraut í stað stöðvunarskyldu.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 6. febrúar 2002.

Ólafur P. Hauksson.

REGLUGERÐ

um greiðslupátttökunefnd.

I. KAFLI.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um starfsemi nefndar, er fjallar um greiðslupátttöku almanna-trygginga í nýjum lyfjum, sem veitt hefur verið markaðsleyfi hér á landi og innihalda virkt efni, sem ekki voru á markaði 1. júní 2000.

Einnig fjallar nefndin um greiðslupátttöku lyfja sem veitt hefur verið undanþága fyrir, skv. 7. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

II. KAFLI.

Skipun nefndar.

2. gr.

Ráðherra skipar fimm manna nefnd, greiðslupátttökunefnd, til 4 ára í senn skv. tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Fjármálaráðuneytis.
2. Landlæknis.
3. Læknadeildar Háskóla Íslands.
4. Tryggingastofnunar ríkisins.

Fimmti maðurinn er skipaður af ráðherra, án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Við skipun nefndarinnar skal þess gætt að í henni séu fagmenn á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála.

3. gr.

Nefndarmenn, sbr. 2. gr., mega ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

III. KAFLI

Umsókn um greiðslupátttöku.

4. gr.

Að fenginni umsókn frá markaðsleyfishafa lyfsins eða umboðsmanni hans skal nefndin ákvarða greiðslupátttöku almannatrygginga í nýjum lyfjum, er veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir og innihalda virk efni, sem ekki eru á markaði hér á landi. Umsókn um greiðslupátttöku skal send nefndinni samtímis umsókn um lyfjaverð til lyfjaverðsnefndar.